

EFTIRLITSSKÝRSLA

Alur Álvinnsla Helguvík



UMHVERFISSTOFNUN

| | | | |
|----------------------------|----------------------|--------------------------------|--------------------------|
| Dags eftirlits | 2.6.2016 | Ábyrgðarmaður eftirlits | Halla Einarsdóttir |
| Fyrirtæki | Alur Álvinnsla | Eftirlitsmaður | Sigríður Kristjánsdóttir |
| Heimili | Borgartúni 26 | Tegund eftirlits | Reglubundið |
| Kennitala | 5903982099 | Flokkur | Verksmiðja |
| Fulltrúi fyrirtækis | Matthías Matthíasson | ÍSAT nr. | 27.42 Álvinnsla |
| Fulltrúi fyrirtækis | | Staðsetning | |

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin vinnsla var í gangi þegar eftirlitið fór fram en tilkynnt var rekstrarstöðvun í lok árs 2014 og hefur verksmiðjan ekki verið í rekstri frá mars 2015. Skolgryfja er þó enn í notkun þar sem að gjallsandur frá Kratus á Grundartanga er skolaður áður en honum er skilað í flæðigryfjur Norðuráls. Samkvæmt núgildandi starfsleyfi Alurs álvinnslu er þeim óheimilt að taka á móti úrgangi frá öðrum og skola í skolgryfjunni og telst vinnslan því frávik frá starfsleyfi. Einnig var skráð annað frávik vegna áætlunar um rekstrarstöðvun sem ekki hefur verið uppfærð eins og óskað var eftir í síðasta eftirliti.

UMFANG EFTIRLITS

Unnið er að lokun verksmiðjunnar eins og fram kom í síðasta eftirliti. Í síðasta eftirliti var óskað eftir uppfærðri áætlun vegna rekstrarstöðvunar en slík uppfærð áætlun hefur ekki borist stofnuninni. Búið er að ganga frá vinnsluhúsnæðinu að mestu leiti og skila úrgangi til viðurkenndra móttökuaðila. Skolgryfjan er ennþá í notkun er rekstraraðili tekur á móti gjallsandi frá Kratus á Grundartanga og skolar. Gjallið fellur upphaflega til hjá Norðuráli á Grundartanga en skoluðum gjallsandi er skilað aftur til Norðuráls til urðunar í flæðigryfju þeirra á Grundartanga. Umhverfisstofnun hafði heimilað slíka ráðstöfun fyrir þann gjallsand sem safnast hafði upp hjá Alur álvinnslu. Í Helguvík eru nú um 150 tonn af skoluðum gjallsandi. Vöktunarmælingar í sjó voru gerðar 13.nóvember 2015 en þær á að gera amk í tvö ár eftir að rekstri skolgryfjunnar er hætt.

Frávik frá

Grein 1.5 í starfsleyfi

Lýsing á fráviki

Áætlun um rekstrarstöðvun hefur ekki verið endurskoðuð líkt en kallað var eftir því í síðasta eftirliti.

Grein 1.2 í starfsleyfi

Alur Álvinnsla tekur við gjallsandi frá Kratus ehf á Grundartanga til skolonar í skolgryfjunni í Helguvík. Slík móttaka rúmast ekki innan umfang starfseminnar samkvæmt núgildandi starfsleyfi.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 27.07.2016

Halla Einarsdóttir

Halla Einarsdóttir